

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 146/1991. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Hinriki Jóni Þórisyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars sl. að ósk ákærða. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst þess, að hann verði sýknaður af 2. tl. ákæru frá 6. desember 1990 og af ákæru frá 21. janúar sl., en að öðru leyti hljóti hann vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms þykir eiga að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Hinrik Jón Þórisson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. febrúar 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 74/1991: Ákærvaldið gegn Hinriki Jóni Þórisssyni, sem tekið var til dóms 11. þ.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara.

Með ákæru, dagsettri 6. desember sl., er málið höfðað á hendur ákærða, Hinriki Jóni Þórisssyni, Laugateigi 19, Reykjavík, kt. 290852-3079, „fyrir eftirgreindan þjófnað, framinn í Reykjavík 1990:

1.

Fyrir að hafa sunnudaginn 29. júlí brotist inn í veitingastað á Klapparstíg 30 og stolið 15 hljómdiskum, áfengisflösku, kassa af bjór og 20 vindlingapökkum.

2.

Aðfaranótt föstudagsins 25. október stolið reiknivél um borð í Guðbjörgu, RE-21, í Reykjavíkurhöfn.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Þá er málið höfðað á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 21. janúar sl., „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. október 1990 stolið útvarps- og segulbandstæki og hátölurum úr bifreið í Grjótaþorpi í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákæra, dagsett 6. desember 1990:

1.

Ákærði í máli þessu, Hinrik Jón Þórisson, hefur við rannsókn og dómsmeðferð málsins skýlaust játað að hafa brotist sunnudaginn 29. júlí 1990 inn í veitingastað við Klapparstíg 30 og stolið þar 15 hljómdiskum, áfengisflösku, kassa af bjór og 20 vindlingapökkum. Varðar þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og studd er öðrum gögnum málsins, við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Kl. 6.08 aðfaranótt föstudagsins 25. október 1990 tilkynnti Hlynur Jóhannsson, kt. 120969-5879, skipverji á bátnum Guðbjörgu, RE 21, sem lá við bryggju í Reykjavíkurhöfn, um innbrot í nefndan bát. Fóru lögreglumenn á vettvang og handtóku þar ákærða og nafngreinda konu, sem með

honum var þar. Á ákærða fannst auk ýmissa annarra hluta, er virtust tengjast fíkniefnaneyslu, reiknivél af gerðinni Casio, og var hún afhent tilkynnanda.

Ákærði hefur kannast við að hafa verið með nefnda reiknivél í vasanum, er lögreglan handtók hann, en kveðst ekki muna eftir að hafa tekið hana um borð í umræddum bát.

Fyrir dóminn hefur kornið sem vitni Jóhannes Guðmundsson lögreglu maður, sem gerði frumskýrslu lögreglu um málið. Kveður vitnið, að sá, sem tilkynnti um ætlað innbrot, hafi nefnt það, er lögreglumenn komu á vettvang, að horfið hefði úr bátum reiknivél af gerðinni Casio. Hafi reiknivélin fundist á ákærða í lögreglubifreiðinni og verið afhent tilkynnanda, sem hafi verið skipverji á Guðbjörgu, RE 21.

Með vísan til þess, að reiknivél fannst á ákærða strax eftir handtöku í lögreglubifreiðinni, hún var afhent skipverja um borð í umræddum bát, en hann hafði sagt lögreglu, að hann saknaði vélarinnar, og þess, að ákærði kann enga skýringu á vörslum sínum á henni, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið þessum. Varðar atferli ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 21. janúar 1991:

Um kl. 5.45 aðfaranótt sunnudagsins 28. október 1990 voru lögreglumenn á eftirlitsferð um Vesturgötu, er þeir sáu mann með poka. Reyndist vera um ákærða í máli þessu að ræða. Sýndi hann lögreglumönnum í pokann, og meðal inniholds hans voru m.a. útvarps- og segulbandstæki fyrir bifreiðar af gerðinni Tec svo og hátalarar af tegundinni Kenwood. Ákærði gaf lögreglumönnum þá skýringu á nefndum munum, að hann hefði keypt þá af vini sínum, Jónasi, sem hann vissi ekki frekari deili á.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu játaði ákærði þjófnað á hljómflytnings-tækjum úr bifreið, sem hann taldi hafa staðið við fyrstu götu fyrir ofan Grjótaþorpið út frá Vesturgötu, ef talið er frá Nausti.

Fyrir dómi hefur ákærði borið, að hann vefengi ekki að hafa umrædda nótt stolið nefndum munum úr bifreið, en kveðst hafa verið undir svo miklum vímuáhrifum, að hann geti ekki tilgreint með neinni nákvæmni, hvar þjófnaðurinn hafi átt sér stað.

Vitnið Þorbjörn Valur Jóhannesson lögreglumaður, sem gerði skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af ákærða greint sinn, kom fyrir dóm við meðferð málsins. Vitnið kveður ákærða hafa verið handtekinn á gatnamótum Garðastrætis og Vesturgötu, og hafi hann þá m.a. haft í fórum sínum útvarps- og segulbandstæki og hátalara.

Með hliðsjón af framburði ákærða og vísan til annars þess, sem fram er komið í máli þessu, er sannað, að ákærði hefur umrædda nótt stolið

þeim munum, sem í ákæru greinir, úr bifreið í grennd við Grjótaþorp hér í borg. Varðar háttsemin við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru er verknaðurinn sagður hafa verið framinn í Grjótaþorpi, en gögn málsins benda eigi til þess. Um slíkt aukaatriði þykir þó vera að ræða, að eigi varði frávisun, enda vörn ákærða eigi orðið áfátt af þeim sökum, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsidómum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir 14 refsidómar fyrir auðgunarbrot frá árunum 1971 - 1990 auk tveggja refsidóma, uppkv. í Danmörku.]

Þá hefur ákærði á tímabilinu frá 12. júlí 1971 til 15. nóvember 1989 sæst 21 sinni á sektargreiðslu fyrir dómi, aðallega vegna brota gegn fiknefnalöggjöfnni og ölvunar á almannafæri.

Hinn 17. júlí 1990 var ákærða veitt reynslulausn af eftirstöðvum 120 daga refsinga samkvæmt dómunum frá 21. febrúar og 27. nóvember 1980 og 16. maí 1990. Rauf ákærði skilorð reynslulausnarinnar, og 28. október sl. tók Fangelsismálastofnun ríkisins þá ákvörðun samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 569/1988, að hann skyldi afplána framangreindar eftirstöðvar. Hóf ákærði afplánun sama dag og þessi ákvörðun var tekin og mun ljúka henni 25. febrúar 1991.

Réfsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærða, sem samkvæmt sakavottorði sínu verður að teljast sibrotamaður, ákveðin með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hinrik Jón Þórisson, sæti fangelsi sex mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.